

Stjórnarfundur no 3, 2013/2014

Ár 2013 fimmtudaginn 30. maí komu stjórn og varastjórn til fundar í fundarherbergi félaganna á 3ju hæð Skipagötu 14. Fundurinn hófst kl. 19.00. Undirritaðir sátu fundinn. Formaður Úlfhildur Rögnvaldsdóttir setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Þetta gerðist:

1. LÍV

Úlfhildur gerði grein fyrir samkomulagi sem gert var við formann LÍV um hans starfslok hjá sambandinu. Skrifað var undir samkomulagið 8. maí.

Nú er Úlfhildur formaður LÍV og Guðbrandur Einarsson varaformaður.

2. Kjarasamningar

Úlfhildur sagði frá fundi sem haldinn var í miðstjórn ASÍ þar sem farið var yfir nýgerðan stjórnarsáttmála.

3. Rætt um sumarferðina, skipulagning er í vinnslu, ferðin er sameiginleg með félögunum á 3ju hæð.

Hús nr. 12 á Illugastöðum hefur verið verðmetið og verið að kanna með sölu.

Samþykkt að stjórnin fari í ferð í haust til að skoða bústaði félagsins í Fnjóskadal.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Sign: Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Einar Hjartarson, Eiður Stefánsson, Anna María Elíasdóttir, Sigríður Stefanía Stefánsdóttir, Jón G Rögnvaldsson, Eydís Bjarnadóttir, Kristín Þorgilsdóttir ritaði fundargerð.